

**Fundargerð 379. fundar  
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,  
haldinn 8. janúar, kl. 16.00 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Sandra B. Franks, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

**Fundarritun:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá**

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Kjaraviðræður
  - Staðan
4. Heildarendurskoðun á lögum félagsins, framhald og endurskoðun á úthlutunarreglum Starfsmenntasjóðs

**Önnur mál**

**Fundargerð**

**1. Fundur settur**

Sandra B. Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fund ársins.

**2. Fundargerð síðasta fundar**

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

**3. Kjaraviðræður**

- SBF gerði grein fyrir umræðunni sem verið hefur á milli BSRB og SNR og að vaxandi óánægju og óróa sé farið að gæta innan samninganefnda BSRB og meðal félagsmanna aðildarfélaga, vegna þess hægagangs sem verið hefur við samningaborðið og utan þess.
- „Aðgerðahópur“ BSRB er kominn í gang aftur þ.s. ástæð er til að undirbúa/skipuleggja hugsanlegar aðgerðir ef takturinn í viðræðunum breytist ekki.
  - GÖG gerði grein fyrir fundi aðgerðarhópsins sem hann var að koma frá. Á þeim fundi var rætt að til stæði að kanna hug félagsmanna hjá aðildarfélögum BSRB til að hefja baráttu fyrir:
    - Að settur verði alvöru þungi í umræðuna/fundina um kjör opinberra stafsmanna.

- Að samkomulag náist um styttingu vinnuviku vaktvinnufólks umfram styttingu dagvinnu.
- Jöfnun launa á milli markaða verði í takt við SALEK samkomulagið.
- Launaskriðstrygging verði rædd.

Á fundi samráðshópsins var einnig farið yfir tímalínu aðgerða og rætt um baráttufund sem haldinn yrði í Háskólabíói þann 30. janúar þ.s. forystufólk ákveðinna stétta/bandalag ávarpaði fundinn.

Rætt var um að fá með í baráttuna, hjúkrunarfræðinga, Starfsgreinasambandið, Eflingu og BHM. Nánari útfærsla ekki komin, en verður útfært á „Samningseiningafundi“ BSRB föstudaginn 10. janúar.

#### **4. Heildarendurskoðun á lögum félagsins, framhald**

Farið var yfir þær breytingar/breytingartillögur sem gerðar voru á lögum félagsins á vinnufundinum í Kiðjabergi í nóvember og áfram var unnið með þær breytingar. Á fundinum var einnig farið yfir starfsreglur Starfsmenntasjóðs og þær uppfærðar til samræmis við skipulagsskrá sjóðsins og að mótaðar voru nýjar úthlutunarreglur styrkja í samræmi við tilgang sjóðsins og afgreiðslu mála.

#### **Önnur mál**

- Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 18.15